

Fundargerð,

Opin fundur keppnisráðs í Rallycrossi um reglur.

Fundurinn var haldinn þriðjudaginn 26 okt.2021

Efni fundarins var um uppfærslur á keppnisreglum ásamt umræðum um flokkareglur.

Kynntar voru uppfærslur, viðbætur og leiðréttingar í keppnisreglum um keppnishald til samræmis við keppnisgreinareglur í öðrum löndum, rætt var um stigagjöf til Íslandsmeistara sem eru ekki eins og eru í landskeppnum í Rallycrossi um allan heim en þar eru gefin stig frá 20 og niður í 16 sæti ásamt því að það eru gefin færri stig fyrir sæti í riðlum, fyrir 10 sæti, semsé frá 10 og niður, einnig eru refsingar fyrir vissan fjölda áminninga,

Í flokkareglum var byrjað á að ræða um 1000 flokk en engar ábendingar óskir um breitingar komu þar fram.

Í 1400 flokki kom ábending/ósk um að leyfilegt yrði að vera með læsingar og slikka en flestir voru á móti þeim hugmyndum enda flokkurinn hugsaður sem byrjenda flokkur með ökutæki nánast sem standard.

2000 flokkur, engar umræður um þann flokk

4wd non turbo, þar voru þó nokkrar umræður, t.d. um að gera standard 4wd flokk sem yrði keyrður með en þar mætti engu breita en ekki við miklar undirtektir.

Opinn flokkur, þar voru tvær tillögur um að leyfa skurð á slíkkum og bæta við að leyfilegt yrði að nota rafmagn sem eldsneyti þar sem það er að koma inn erlendis í Rallycrossi en með þeim fyrirvörum þó að keppnisstjóri/öryggisfulltrúi leyfi það og að það sé til útbúnaður samkv. FIA fyrir rafmagns ökutæki. Engin setti sig á móti þeim tillögum.

Rætt var um aukið öryggi í unglingsflokki með því að skylda keppnisstóla með höfuð spjöldum fyrir næsta keppnistímabil og að aðrir flokkar fái frest fram til 2023

Einnig var rædd breiting á litum og staðsetningu rásnúmera ökutækja, um að skylda númer efst á aftari hliðarrúður/afturbretti ásamt því að hafa númer í afturglugga og í framglugga farþegamegin þar sem það er hægt og að litur númera yrði gulur á svörtum grunni.

Gunnar Bjarnason og Vikar Sigurjónsson sáu um fundin fyrir hönd keppnisráðs.

Keppnisráð Rallycross.